

BIRTA
LÍFEYRISSJÓÐUR

STARFSKJARASTEFNA
BIRTA LÍFEYRISSJÓÐUR
MAI 2021

1. gr. Markmið starfskjarastefnu

Starfskjarastefna Birtu lífeyrissjóðs er mótuð af stjórn og tekin fyrir á ársfundi í samræmi við gr. 5.7 og gr. 6.5 í samþykktum sjóðsins.

Stefnunni er ætlað að treysta markmið stjórnar um framúrskarandi þjónustu við sjóðfélaga og árangursríkan rekstur til langtíma.

Það er stefna stjórnar að bjóða á hverjum tíma samkeppnishæf starfskjör, sambærileg við það sem gerist í starfsumhverfi hans og í samræmi við umsvif, ábyrgð og árangur í starfi. Það er trú stjórnar að með því verði Birta lífeyrissjóður eftirsóknarverður starfsvettvangur framúrskarandi starfsmanna. Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmanna og annarra starfsmanna lífeyrissjóðsins.

2. gr. Starfskjör stjórnarmanna

Stjórnarmönnum skulu greidd laun í samræmi við ákvörðun ársfundar. Sérstök nefnd um laun stjórnarmanna skal skv. gr. 6.6 í samþykktum sjóðsins, undirbúa og leggja fram tillögur að launum stjórnarmanna, bæði aðal- og varamanna, fyrir hvern ársfund. Í tillögum sínum skal nefndin miða við að laun stjórnarmanna endurspegli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra og þann tíma sem verja þarf til stjórnarstarfa.

Nefndin skal kynna stjórn tillögur sínar eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund lífeyrissjóðs. Skulu fulltrúaráð skipa nefndina fjórum fulltrúum til þriggja ára. Skal vera jafnt hlutfall fulltrúa atvinnurekenda og launamanna í nefndinni. Að auki á formaður stjórnar sjóðsins seturétt í nefndinni.

Lífeyrissjóðurinn greiðir ferðakostnað og dagpeninga vegna starfa stjórnarmanna sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.

3. gr. Starfskjör framkvæmdastjóra

Starfskjör framkvæmdastjóra skulu ákvörðuð í ráðningarsamningi sem staðfestur er af stjórn sbr. 1. tl. 3. mgr. 29. gr. laga um lífeyrissjóði. Föst laun og aðrar greiðslur skulu vera sambærileg við það sem gerist í starfsumhverfi hans og í samræmi við umsvif, ábyrgð og frammistöðu í starfi.

Í ráðningarsamningi skal tiltaka önnur starfskjör sem tíðkanleg eru í hliðstæðum störfum. Þar skal kveðið á um greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, hlunnindi og uppsagnarfrest.

Starfskjör framkvæmdastjóra skal endurskoða árlega. Við slíka endurskoðun skal höfð hliðsjón af frammistöðu, þróun launakjara á markaði og afkomu lífeyrissjóðsins.

Við gerð ráðningarsamnings framkvæmda stjóra skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi.

4. gr. Starfskjör lykilstarfsmanna

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og skal hann fara eftir þeirri stefnu og þeim fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður lykilstarfsmenn og skal við slíkar ákvarðanir gæta samráðs við formann og varaformann stjórnar á hverjum tíma. Við ákvörðun starfskjara lykilstarfsmanna skal gætt sömu sjónarmiða og fram koma í 1. gr. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt heimild frá stjórn sjóðsins.

5. gr. Aðrir starfsmenn

Við ákvörðun starfskjara annarra starfsmanna skal taka mið af ofangreindum reglum eftir því sem við á að höfðu samráði við forstöðumann rekstrarsviðs.

6. gr. Árangurstengingar launa

Starfskjör starfsfólks Birtu eru ekki árangurstengd.

7. gr. Upplýsingagjöf

Í ársreikningi skal stjórn gera grein fyrir kjörum stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og þeirra lykilstarfsmanna sem falla undir ákvæði reglugerðar um ársreikninga lífeyrissjóða á hverjum tíma. Upplýsa skal um heildarjárhæð greiddra launa á árinu og launa frá fyrra ári.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á heimasíðu sjóðsins.

8. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefna lífeyrissjóðsins skal tekin til afgreiðslu á hverjum ársfundi og skal hún borin undir hann til samþykktar eða synjunar. Heimilt er að endurskoða starfskjarastefnuna milli ársfunda og skulu breytingar á stefnunni þá lagðar fyrir ársfund til samþykktar. Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir lífeyrissjóðinn, stjórn hans og framkvæmdastjóra.

Ef stjórn lífeyrissjóðsins vikur frá starfskjarastefnunni skal það rökstutt í hverju tilviki fyrir sig í gerðabók sjóðsins. Stjórnin skal greina frá frávikum og ástæðum þeirra á næsta ársfundi sjóðsins.

Samþykkt á aðalfundi Birtu lífeyrissjóðs þann 19. maí 2021.